

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfse mi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2006 frá 8. desember 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 frá 9. desember 2004 ⁽³⁾, ásamt aðlögunarákvæðum.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 frá 16. maí 2006 um starfsaðferðir Flugöryggisstofnunar Evrópu við eftirlit með stöðlun ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66q (reglugerð framkvæmdastofnunarinnar (EB) nr. 2042/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„66qa. **32006 R 0736**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 frá 16. maí 2006 um starfsaðferðir Flugöryggisstofnunar Evrópu við eftirlit með stöðlun (Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 14. gr. bætist við orðin „eða samnings milli EFTA-ríkjanna og þriðja lands“ á eftir orðunum „samnings í Bandalaginu“ og orðin „samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að þeim samningi“ á eftir „reglugerðar (EB) nr. 1592/2002“.
- b) Eftirfarandi bætist við í annarri undirgrein 17. gr.:

„Ársskýrslan sem inniheldur greiningu á eftirliti með stöðlun skal send til Eftirlitsstofnunar EFTA.““

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 29, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 26.5.2005, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 10.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 736/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.